

Nefndasvið Alþingis
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um póstþjónustu, 270. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 8. nóvember síðastliðinn, um frumvarp til laga um póstþjónustu, 270. mál á þingskjali 293.

FA vísar til fyrri umsagna sinna við drög þáverandi innanríkisráðuneytis og síðar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að frumvörpum um sama efni, en þær voru sendar ráðuneytunum 8. febrúar 2016 og 14. ágúst 2017 og fylgja umsögn þessari sem fylgiskjöl.

Félagið ítrekar þá afstöðu sem þar kom fram, að það fagnar löngu tímabærri innleiðingu á þriðju pósttilskipun Evrópusambandsins og markmiði frumvarpsins um afnám einkaréttar hins opinbera. Félagið styður markaðs- og verzlunarfrelsi á öllum mörkuðum, þar með töldum póstmarkaðnum.

Skortur á greiningu á Íslandspósti

Meginljóð á þessu frumvarpi telur FA hins vegar vera hinn sama og á fyrri tvennum frumvarpsdrögum. Frumvarpinu fylgir engin greining sem heitið getur á rekstri og samkeppnisháttum Íslandspósts ohf. undanfarin ár. Félagið vill ítreka það sem kemur fram í fyrri umsögnum, að enn er ósvarað spurningum um hvort Íslandspóstur hafi með ólögmætum hætti brotið gegn ákvæðum laga um bókhaldslegan aðskilnað einkaréttar og samkeppnisrekstrar með því að tekjur af einkaréttarrekstri hafi verið látnar niðurgreiða samkeppnisrekstur.

Rétt er að rifja eftirfarandi upp úr fyrri umsögnum: „*Íslandspóstur hefur á undanförnum árum varið háum fjárhæðum í fjárfestingar í skyldum og óskyldum rekstri, í samkeppni við einkaaðila. Liggja þarf fyrir hver var uppruni þess fjármagns sem fór í þær fjárfestingar og hvort aðskilnaður einkaréttarhlutans og samkeppnisrekstrar hafi verið í samræmi við lög og reglur. Að mati FA er nauðsynlegt að botn sé fenginn í þau mál áður en einkarétturinn er afnuminn og Íslandspóstur í framhaldinu seldur. Annars er augljóslega vitlaust gefið við einkavæðinguna og hætta á að nýjum eigendum verði afhent fyrirtæki með mikla og ósanngjarna meðgjöfí samkeppni við keppinauta sína.*“

Ráðuneytið hefur í engu sinnt þessum ábendingum og ekki unnið nauðsynlega heimavinnu áður en frumvarp var lagt fyrir Alþingi. Allir ágallar fyrri frumvarpsdraga eru því áfram á þessu frumvarpi:

- Engin tilraun er gerð til að meta áhrif á samkeppni á þeim fjölmörgu mörkuðum sem Íslandspóstur hefur haslað sér völl á en fyrirtækið starfar meðal annars í prentsmiðjurekstri, sendlaþjónustu, sendibílaþjónustu, flutningsmiðlun, hugbúnaðargerð, gagnageymslu, fjölpóstdreifingu, sölu sælgætis, minjagripa, leikfanga, bóka og ritfanga, allt í samkeppni við einkaaðila.
- Áfram vantar upplýsingar um hver er uppruni fjármagns, sem Íslandspóstur hefur fjárfest í samkeppnisþjónustu Íslandspósts, bæði innan og utan alþjónustu. Það skal ítrekað hér að það er með miklum ólíkindum að stjórnendur fyrirtækisins hafi árum saman getað komið sér hjá því að svara þessari spurningu með óyggjandi hætti. Getuleysi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og annarra opinberra stofnana við að leiða fram þessi gögn og upplýsingar er einnig með ólíkindum.
- Það markmið frumvarpsins að „efla samkeppni á markaði fyrir póstþjónustu“ næst síður ef núverandi einkaréttarhafi nýtur ósanngjarns og ólögmæts forskots á keppinauta sína.

Á síðustu mánuðum hefur enn fjölgað ástæðum til að gera þá greiningu, sem FA telur nauðsynlega forsendu fyrir samþykkt frumvarpsins sem um ræðir. Íslandspóstur ohf. stefnir nú í greiðsluþrot og hefur farið fram á að Alþingi samþykki að 1.500 milljónir af fé skattgreiðenda verði lánaðar fyrirtækinu. Um endurgreiðsluna er allsendis óvist. Þegar um svo háar fjárhæðir er að ræða, er eðlilegt og nauðsynlegt að Alþingi fái svör um það hversu miklu fé stjórnendur Íslandspósts hafa tapað á ævintýramennsku í samkeppnisrekstri.

Afkoma einkaréttar og Kínasendingar

Rekstrarvandi Íslandspósts er ekki eingöngu til kominn vegna fækkunar bréfa og pakkasendinga frá Kína, eins og látið er í skína í greinargerð frumvarpsins. Afkoma af bréfasendingum í einkarétti hefur verið ágæt undanfarin ár og árin 2016 og 2017 raunar umfram ákvæði póstlagu um raunkostnað að viðbættum hæfilegum hagnaði. Þannig er mat Póst- og fjarskiptastofnunar að árið 2016 hafi umframhagnaðurinn verið 16%.

Hvað Kínasendingarnar varðar, er tap vegna þeirra einungis hluti af tapinu á samkeppnisrekstri Íslandspósts innan alþjónustu. Að mati Félags atvinnurekenda hefur ekkert staðið í vegi fyrir því að fyrirtækið innheimti hærra umsýslugjald af móttakendum sendinga, með svipuðum hætti og póstfyrirtæki í t.d. Svíþjóð og Noregi, til að standa undir kostnaði við dreifingu pakka frá Kína og öðrum þróunarríkjum. Á Íslandi nemur þetta umsýslugjald nú yfirleitt 595 krónum. Í Svíþjóð er það 1.050 krónur og 2.370 krónur í Noregi, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 28. nóvember 2018. Í sama fréttatíma sagði forstjóri Íslandspósts að fyrirtækið hefði ekki viljað fara þá leið að hækka umsýslugjaldið.

Vandséð er hvernig það samræmist ákvæðum núgildandi laga um að gjaldskrár innan alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði.

Í 17. grein frumvarpsins er hnykkt á því að gjaldskrár vegna pakkasendinga frá útlöndum skuli taka mið af raunkostnaði, en eins og áður segir er ekki hægt að sjá að núgildandi löggjöf hafi með neinum hætti útilokað slíkt. Sú spurning vaknar því óneitanlega hvort stjórnendur Íslandspósts beri ekki sjálfir ábyrgð á því tapi, sem verið hefur á Kínasendingunum og skattgreiðendur eru nú beðnir að fjármagna. Þannig er í rauninni verið að dreifa kostnaði fyrirtækisins af Kínasendingum til allra skattgreiðenda, í stað þess að þeir sem nota þjónustuna beri hann eins og eðlilegt verður að teljast.

Tillaga um óháða úttekt

Félag atvinnurekenda hefur í tvígang lagt til við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að gerð verði óháð úttekt á Íslandspósti. Í bréfi FA til ráðherra 26. nóvember síðastliðinn (með afriti til fjármálaráðherra) segir m.a.:

„Augljóst er að ýmsar spurningar um rekstrarvanda Íslandspósts brenna á þingmönnum, sem taka þurfa ákvörðun um hvort 1.500 milljónum af fé skattgreiðenda skuli ráðstafað til hins opinbera hlutafélags. Að mati Félags atvinnurekenda munu ekki fást svör við þeim spurningum nema gerð verði óháð úttekt á rekstri félagsins undanfarin ár. Fyrir liggur að Póst- og fjarskiptastofnun telur það ekki hlutverk sitt að kafa ofan í ævintýri stjórnenda Íslandspósts í samkeppnisrekstri. Þá er Ríkisendurskoðun vanhæf til að gera úttekt á rekstrinum, enda er hún endurskoðandi reikninga Íslandspósts. Við blasir að fá þurfi öflugt, óháð endurskoðunar fyrirtæki til að taka út rekstur fyrirtækisins.

FA kom þessari tillögu á framfæri við ráðuneytið á fundi 17. september síðastliðinn en telur ástæðu til að ítreka hana hér með formlegum hætti. Að minnsta kosti þrjár ástæður eru fyrir því að ráðuneytið ætti að biðja um slíka úttekt:

1. Leiða þarf í ljós hverjir bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem komið hafa Íslandspósti í núverandi stöðu.
2. Fyrirbyggja þarf að skattgreiðendur þurfi aftur að hlaupa undir bagga með Íslandspósti eða öðrum opinberum hlutafélögum, sem hafa farið offari í samkeppnisrekstri.
3. Leiða þarf fram uppruna þess fjármagns, sem notað hefur verið í fjárfestingar samkeppnisrekstri Íslandspósts áður en Alþingi samþykkir frumvarp ráðherra um afnám einkaréttar Íslandspósts. Ella er hætt við að til verði fyrirtæki, sem jafnvel verði einkavætt á næstu árum, en njóti mjög ósanngjarnrar forgjafar á samkeppnismarkaði.“

Einföldun regluverks


FA fagnar þeim ákvæðum frumvarpsins sem gera ráð fyrir að einfalda og minnka regluverk í póstgeiranum. Þannig fagnar félagið því að starfsemi póstrekkenda sé ekki leyfis- heldur skráningarskyld. FA gerir út af fyrir sig ekki athugasemdir við

að inn í lögini komi í fyrsta sinn ákvæði um fjölpóst og fríblöð, í þeim tilgangi að neytendur geti afþakkað slíkar sendingar. Hins vegar er mikilvægt að þenja ekki út eftirlit á póstmarkaði umfram það sem nú er.

Að lokum

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við málið á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjöl:

Umsögn FA um drög að frumvarpi til laga um póstþjónustu 8. febrúar 2016

Umsögn FA um drög að frumvarpi til laga um póstþjónustu 14. ágúst 2017

Bréf FA til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 26. nóvember 2018